

Ársskýrsla Festu 2019



**UN Global Compact
Communication of Engagement 2018-2019**

Mynd: Jón Gauti Jónsson

Yfirlýsing frá framkvæmdarstjóra og stjórn

Til hagaðila okkar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna hr. António Guterres

Í þessari ársskýrslu lýsum við starfsemi Festu árið 2019. Auk þess er skýrslan framvinduskýrsla um markmið okkar að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna (UNGC) fyrir árin 2018 - 2019. Þar með staðfestum við vilja okkar til að vinna í takt við tíu viðmið UNGC um samfélagsábyrgð eins og okkur er unnt og kynnum stuðning okkar fyrir aðildarfélögum okkar, hagaðilum og almenningi.

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð á Íslandi, hefur það hlutverk að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og styðja við fyrirtæki og stofnanir sem vilja innleiða ábyrga starfshætti í stefnu sína og daglega starfsemi. Framtíðarsýn Festu er sú, að íslensk fyrirtæki og stofnanir séu samfélagslega ábyrg og stuðli að sjálfbærni.

Við lýsum yfir áframhaldandi þátttöku okkar í verkefnum UNGC. Miðlægt í störfum Festu er að kynna og vinna að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, í samstarfi við stjórnvöld, fyrirtæki, stofnanir og almenning.

Við munum deila þessum upplýsingum með hagaðilum okkar og fögnum öllum ábendingum um innihald skýrslunnar.



Hrunn Gunnsteinsdóttir framkvæmdarstjóri

Stjórn Festu:

Statement from the Managing Director and the Board


To our stakeholders and the Secretary General of the United Nations, Mr. António Guterres,

This annual report outlines the main activities of Festa in 2019. This report is also a communication of engagement about our commitment to the UNGC for the years 2018-2019. We thereby confirm our intention to work in accordance with the ten principles of the UNGC on social responsibility, and present our alignment and support to these principles to our associated members, stakeholders and the public.

Festa - center for CSR in Iceland, is tasked with raising awareness about social responsibility and sustainability and supports companies and organisations in mainstreaming social responsibility into their strategies and daily activities. Festa's future vision is that Icelandic companies and organisations are socially responsible and promote sustainability.

We hereby declare our ongoing support to the UNGC. Central to the work we do, is to promote the SDGs in partnership with local and central public administration, companies, organisations and the public.

We will share this information with our stakeholders and welcome any feedback on the content of this report.



Hrund Gunnsteinsdóttir Managing Director

Festa Board of Directors:



Thinn Jónsdóttir
Johanna Laysa Arnadóttir
Berglind Sigmarsdóttir
Miefa Björns Brynn
Erna Eiríksdóttir
Sigrún R. Ragnars
Ólafur Ólafsson
Leifur Pálsson



Ávarp framkvæmdarstjóra

Á þeim umbrotatímum í upphafi ársins 2020 þegar þessi skýrsla er skrifuð, er gott til þess að hugsa að farvegurinn fyrir kraftmikið, sjálfbært og samfélagslega ábyrgt samfélag er sannarlega til staðar. Þær ákvarðanir sem við tökum í dag munu hafa áhrif mörg ár inn í framtíðina. Nú er lag að sýna einhug og setja enn og meiri kraft í þau málefni sem samfélag Festu brennur fyrir. Landamæralausar áskoranir samtímans, - tæknilegar, efnahagslegar, félagslegar og umhverfislegar, - kalla á seiglu, sveigjanleika, skýra sýn, breitt samstarf, sjálfbærar og samfélagslega ábyrgar áherslur.

Margt hefur áunnist frá stofnun Festu árið 2011. Frá upphafi hefur Festa lagt áherslu á breytt viðskiptalíkön og hagkerfi hagaðila, þar sem samfélagsábyrgð er ekki viðbót við hefðbundinn rekstur þegar vel gengur, heldur miðlægt markmið í rekstri sem eykur samkeppnisforskot. Ábyrgur og sjálfbær rekstur er nú samkeppnishæfari en annar. Þannig er hagkerfi hagaðilanna að taka á sig sterkari mynd. Viðskiptamódel færast frá því að hámarka arðsemi hluthafa einvörðungu, yfir í að hámarka verðmætasköpun fyrir hagaðila og að hafa sem uppbyggilegust áhrif á samfélag og umhverfi. Festa hefur vaxið hratt á síðustu árum og í upphafi árs var komin tími til að skerpa fókusinn. Við efldum innviðina, skerptum á virði aðildar, hresstum upp á áýndina með nýrri heimasíðu og slagorðinu “allt sem þú gerir hefur áhrif”.

Á árinu fjölgaði aðildarfélögum um 17%, þrjú sveitafélög bættust í hópinn og Loftslagsverkefni Festu og Akureyrarbæjar var hleypt úr hlaði. Fyrirtæki sem gengu til liðs við Festu eru í hópi stærstu og minnstu fyrirtækja á Íslandi og eiga það sameiginlegt að láta til sín taka á þessu sviði svo eftir er tekið. Þá gerðist Festa aðili að Grænvangi, samstarfsvettvangi atvinnulífs og yfirvalda um grænar lausnir, og endurnýjaði setu sína í Loftslagsráði. Festa einsetti sér að starfa markvisst með ungu kynslóðinni á árinu og er þakklát fyrir þann mikla áhuga meðal ungs fólks að starfa með Festu. Eitt markverðasta verkefnið í því samstarfi var þróun og hönnun á vefútgáfu Loftslagsmælis Festu, sem hingað til hafði einungis verið fánlegur í excel skjali á heimasíðu Festu.

Ársskýrslan endurspeglar frjósaman jarðveg og ásetning í átt að samfélagsábyrgð og sjálfbærni á Íslandi. Festa þakkar samstarfaðilum og aðildarfélögum vítt og breytt um íslenskt samfélag kærlega fyrir gjöfult og gott samstarf. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs og samtals. Framundan eru spennandi tímar — því tækifærin leynast víða.

Kær kveðja,

Hrund Gunnsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri Festu



**„Allt sem þú gerir
hefur áhrif“**

Stefna og markmið



Stefnumótun

Stjórn Festu vinnur árlega stefnumótun þar sem framtíðarsýn, hlutverk og gildi félagsins eru rýnd og línur lagðar fyrir starfsárið framundan. Áherslur eru ræddar og þeim verkefnum er forgangsraðað sem stjórn telur mikilvægast að vinna að. Úr verður framkvæmdaáætlun sem framkvæmdastjóri vinnur eftir.

Sá skýri fókus sem fæst með slíkri stefnumótun er afar dýrmætur þegar unnið er með jafn viðamikið viðfangsefni og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Í stefnumótunavinnu Festu fyrir árið 2019 var sérstaklega horft til þess að kjarna starfsemina, hlúa að aðildarfélögum, skerpa virði, fókus og sérstöðu Festu.

Ákveðið var að leggja áherslu á heimsmarkmið Sp um sjálfbæra þróun og loftslagsmálin, auk þess sem hringrásarhagkerfið, nýsköpun og tækniþróun fá aukinn, miðlægan fókus.



Festa sinnir **hlutverki** sínu með þrennum hætti:

Miðlun upplýsinga, þekkingar, fréttar, námskeiðum, opinberum greinaskrifum, fréttabréfi, árverknisverkefnum, þýðingum á og miðlun leiðarvísa, hvatningarverðlaunum og vinnustofum.

Fræðsla, umræða og samstarf milli ólíkra aðila, með opnum og lokuðum fundum, ráðstefnum, leiðsögn og tengslamyndun.

Hreyfiafl og leiðarljós sem stuðlar að framþróun og ýtir við félögum, yfirvöldum og almenningi.

Gildi

Heilindi: Við vinnum að heilindum í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur

Hvatning: Við hvetjum hvert annað, erum opin i samskiptum og miðlum af reynslu

Samvinna: Við stuðlum að samvinnu ólíkra aðila um samfélagsábyrgð fyrirtækja

Hlutverk


Efla samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnana, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði

Framtíðarsýn

Íslensk fyrirtæki og stofnanir séu samfélagslega ábyrg og stuðli að sjálfbærni

Stefna

Að styrkja tengsl við aðildarfélög Festu, skerpa og auka virði aðildar og kjarna sérstöðu. Skýr ímynd – skýrt virði.



Aðildarfélög Festu

Á árinu bættust
við 19 ný
aðildarfélög

Eldri skráningar þurfti að
leiðrétta á milli árána
2018 og 2019 um alls 10
aðilarfélög

Á árinu gengu Kópavogsbær
og Höfn í Hornafirði í Festu og
eru nú fjögur sveitarfélög
aðilar að Festu

Festa var stofnuð árið 2011 af Landsvirkjun,
Össur, Símanum, Íslandsbanka, ISAL og
Landsbankanum. Opnað var fyrir félagsaðild
fyrirtækja og stofnana árið 2013.

Tveir stærstu
háskólar landsins eru
aðilar að Festu

Hver einstaklingur er mikilvægt hreyfiafl

**Allt sem
þú gerir
hefur áhrif**

Heimasíða Festu var endurhönnuð

www.samfélagsábyrgð.is

www.sustain.is

**Festa**

miðstöð um
samfélagsábyrgð

Merki félagsins fékk andlitslyftingu og nafni félagsins var breytt í samþykktum Festu til að endurspeglar betur starfsemina: Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja varð að Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð.

Ný ásýnd

Festa endurhannaði ásýnd sína, heimasíðu, slagorð og kynningarefni á árinu 2019.

Við þökkum hönnunarstofunni Kolofon kærlega fyrir frábærlega vel unnið starf.

Viðburðir og miðlun



JANÚARRÁÐSTEFNA FESTU

2019



Janúarráðstefna Festu er stærsti viðburður ársins á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar fyrirtækja og stofnana — og yfirskriftin að þessu sinni var „**Viðskiptamódel fyrir nýjan veruleika**“.

Uppselt var á þessa sjöttu Janúarráðstefnu Festu.

Janúarráðstefnan er mikilvægur vettvangur fyrir fyrirtæki og stofnanir til þess að hittast og efla tengslin — og fræðast um það sem ber hæst hverju sinni.



Í þremur málstofum fjallaði fjöldi leiðtoga úr atvinnulífinu um samfélagsábyrgð og sjálfbærni út frá nýjum viðskiptamódelum, breytingastjórnun og ábyrgum fjárfestingum.

Við hjá Festu þökkum kærlega fyrir þátttökuna á Janúarráðstefnu Festu 2019.

Gísli Steinar Ingólfsson, framkvæmdastjóri EMC rannsókna, ræddi niðurstöður rannsóknar um viðhorf landsmanna til samfélagsábyrgðar.

Kasper Larsen, framkvæmdastjóri dönsku prentsmiðjunnar KLSPurePrint hélt erindi um viðskiptamódel fyrir nýjan veruleika.

Hrefna Sigfinnsdóttir, stjórnarformaður IcelandSIF hélt erindi um ábyrgar fjárfestingar



VIÐBURÐIR OG NÁMSKEIÐ

2019



Viðburðir

Hátt í 60 viðburðir sem yfir þúsund manns sóttu

Lykil viðburðir

- Janúarráðstefna Festu 2019
- Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar
- Hringrásarhagkerfið, námskeið og málstofa
- UN Global Compact – morgunfundur
- Án náttúrunnar erum við ekki, hádegisfundur um líffræðilegan fjölbreytileika, erindi frá National Geographic og Campaign for Nature
- Loftslagsyfirlýsing Festu og Akureyrarbæjar
- Fimm hvatningarverðlaun: Samfélagsskýrsla ársins, Framúrskarandi samfélagsábyrgð, Loftslagsviðurkenning, Jafnréttiverðlaun, Ábyrg ferðaþjónusta
- Tengslafundir
- Snjallræði - nýsköpunarhraðall
- Masterclass í GRI skýrslugerð
- Loftum út - loftslagsfundur Ábyrgrar ferðaþjónustu

Festa tók þá m.a. þátt í *listinn er ekki tæmandi:

- Dagur ábyrgrar ferðaþjónustu
- Þróunarsamvinna ber ávöxt - málstofa
- Markaðsstofa Kópavogs – heimsmarkmiðavinnustofa og hádegiserindi
- Málþing Landssambanda lífeyrissjóða
- Fræðsludagur Lífeyrissjóða sveitarfélaga
- Dagur Sameinuðu þjóðanna - sjálfbært atvinnulíf á Norðurlöndum
- Fjölbreytileiki á vinnumarkaði – átak Viðskiptaráðs
- Engin störf á dauðri jörð - málstofa á vegum ASÍ
- Bylting í stjórnun! Hamingja á vinnustað. Málstofa á vegum SVP
- Icelandic Startups
- Samkeppnishæfni Íslands 2019: hvar stöndum við? - málstofa á vegum Viðskiptaráðs



VIÐBURÐIR OG NÁMSKEIÐ

2019



Hringrásarhagkerfið

Hringrásarhagkerfið var sett á oddinn hjá Festu á árinu.

Í samstarfi við Sitra var haldið námskeið og málstofa um hringrásarhagkerfið, ásamt því að Jyri Arponen, sérfræðingur frá Sitra og leiðbeinandinn, ráðlagði fulltrúum aðildarfélaga Festu sem tóku þátt í að setja sér markmið til 12 mánaða í átt að hringrásarhagkerfinu á Janúarráðstefnu Festu 2020.

Miðlar Festu voru þá markvisst nýttir til að deila hagnýtu efni og fræðslu sem snýr að hringrásarhagkerfinu.

Festa, í samstarfi við Circular Solutions, hóf á árinu umræður við samstarfsaðila hjá Nordic Innovation og á Norðurlöndunum, um að hýsa “hot spot” fyrir hringrásarhagkerfið á Íslandi.

Hringrásarhagkerfið í framkvæmd

Festa stóð fyrir vinnustofu um hringrásarhagkerfið í lok október. Vinnustofan var þétt setin en yfir 30 fyrirtæki og stofnandar sendu frá sér fulltrúa og sátu um 60 manns vinnustofuna. Einn fremsti sérfræðingur Sitra í Finnlandi í hringrásarhagkerfinu, viðskiptamódelum og nýsköpun, Jyri Arponen stýrði vinnustofunni.

Kynnt voru til leiks ýmis tæki og tól ásamt því að Jyri deildi því hvernig staðið hefur verið að innleiðingu hringrásarinnar inni starfsemi ólíkra rekstrareininga víðs vegar um heim.

Jyri tók þá einnig þátt í málstofu í Háskólanum í Reykjavík, þar sem hann settist niður með Hrund framkvæmdarstjóra Festu og átti samtalið við gesti um hringrásarhagkerfið og hvað við getum lært af hringrásarvegferð Finna.



Tengslafundir Festu eru einungis fyrir aðildarfélög. Þá bjóða aðildarfélög heim, kynna áherslur sínar og eiga heiðarlegt samtal við Festu-félaga um áskoranir og tækifæri í sjálfbærum og samfélagslega ábyrgum rekstri.

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að opna fundina fyrir fleira starfsfólki aðildarfélaga, en ekki bara tengiliði eins og áður var.

Tengslafundir hafa verið vel sóttir og algengt að það sé uppbókað á þá.



Tengslafundir Festu 2019

Virk

Reginn

Isavia

Brim

Marel

Janúarráðstefna Festu í fyrramálið

Miðstöð um samfélagslega ábyrgð heldur morgunráðstefnu í Hörpu í 6. sinn á morgun fimmtudag.



Leið oft eins og geimveru

Hrund Gunnsteinsdóttir, sem sein bjórnýð störf framkvæmdastjóra Festu, umhúllar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækis. Hún hefur verið þessi þegar samfélagslega ábyrgð fyrirtækis hefur góma. Nú er hún stjórnar.

Landsvirkjun hlýtur hvatningarverðlaun jafnréttismála

© 27.11.2019 - 09:44 Innlent - Stjórnmal



Mýnd: Grimur Jón Sigurðsson / RÚV

Landsvirkjun hlaut hvatningarverðlaun jafnréttismála á morgunfundi um jafnréttismál í Háskóla Íslands í morgun. Þórdís Kolbrún Reykjörð Gyfladóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar, afhenti Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar, verðlaunin.

ÁSRÚN BRYNJA INGVARSDÓTTIR
Fréttastofa RÚV
Sendu skilaboð

„Lifnaði við í höndunum á honum“

• Loftslagsmælir Festu orðinn aðgengilegur fyrir tækjum í vefútgáfu

Laugardagur, 7. desember 2019

Baksvið

Póroddur Bjarnason

tobj@mbl.is

Ný vefútgáfa af loftslagsmæli Festu, reiknivél til að mæla kolefnisspor fyrirtækja, var kynnt til sögunnar á loftslagsráðstefnu Festu og Reykjavíkurborgar í Hörpu á dögunum. Hingað til hefur loftslagsmælirinn verið í formi Excel-töflureiknis á vef Festu, en eins og Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, segir í samtali við Morgunblaðið hefur mörgum þótt hann óaðgengilegur. Nú geta að sögn Hrunnar fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum skráð kolefnisspor sitt með einföldum og



Hakkaþon „Okkur langaði að leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn loftslagsvámi,“ segja forritararnir ungu, Þeir Eyjófr, Hannes og Sólun. — Ljósmynd: Sigurjón Ragnar

Festa í fjölmiðlun

Fjöldi viðburða og verkefna Festu hafa ratað í fjölmiðla á árinu. Þá hafa framkvæmdastjóri og stjórnarmeðlimir ritað greinar í þeim tilgangi að efla og miðla hugsjónum Festu.

miðla - má | 16.9.2019 | 22:19 | Lögð: 17.9.2019 10:04

Undirrituðu loftslagsyfirlýsingu á degi íslenskrar náttúru



Festu stjórnarmeðlimir, stjórnarstjórn og stjórnarstjórnir í dag, loftslagsyfirlýsingu Akureyrarbæjar og Festu - miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækis á Akureyri í ljósmynd: Sólun



Ástíðlar Sturladóttir, bæjarstjóri Akureyrar, undirritaði í dag, á degi íslenskrar náttúru, loftslagsyfirlýsingu Akureyrarbæjar og Festu - miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð, ásamt forvaranirnum 10 annarra fyrirtækja og stofnana.



LOFTSLAGSVERKEFNI

2019



Loftslagsmælir Festu

“Okkur langaði að leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn loftslagsvánni. Okkur finnst að ábyrgðin hefur verið færð of mikið á einstaklinga frekar en fyrirtæki. Við erum mjög þakklátir fyrir að fá að taka þátt í verkefninu sem gerir fyrirtækjum kleift að axla ábyrgð á áhrifum sínum á umhverfið.” segja þeir Eyþór Máni, Hannes og Sólon

Á Loftslagsfundi Festu og Reykjavíkurborgar var vefútgáfa Loftslagsmælis Festu kynnt sem gjöf til samfélagsins. Loftslagsmælirinn er hugsaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og hverskyns skipulagsheildir sem eru að byrja að mæla kolefnisspórt sitt og áhrif á umhverfið.

Loftslagsmæli Festu má nálgast á vefslóðinni: climatepulse.is
Kynningarmyndband um verkefnið, unnið af Rán Sigurjónsdóttur, má nálgast [hér](#).

Loftslagsmælirinn var forritaður af þremur ungmendum sem tóku verkefnið að sér og gáfu vinnu sína til verksins. Eyþór Máni Steinarsson, Hannes Árni Hannesson og Sólon Örn Sævarsson settu sér það markmið að útbúa vefútgáfu mælisins í 24 tíma hakkæðni og afraksturinn er betrubætt vefútgáfa Loftslagsmælisins sem nú er aðgengilegur öllum á climatepulse.is.

Á þeim tíma sem Loftslagsyfirlýsing Festu og Reykjavíkurborgar var undirrituð var ekki til íslensk reiknivél til að mæla kolefnisspor fyrirtækja. Því var settur saman hópur sérðfræðinga úr atvinnulífinu frá Festu og Reykjavíkurborg sem þróðu reiknivél, Loftslagsmæli sem hefur verið aðgengilegur í formi Excel skjals á heimasíðu Festu.



Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar fór fram í Hörpu þann 29.nóvember undir yfirskriftinni **Hvað erum við tilbúin til að gera?** Þar voru tekin dæmi um hvað yfirvöld og fyrirtæki eru að gera í reynd til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Umhverfisráðherra og borgarstjóri ávörpuðu fundinn en fundurinn var settur með ávarpi frá Aðalheiði Egilsdóttur fulltrúa íslenskra ungmenna til Sameinuðu þjóðanna á sviði loftslagsmála.

Á fundinum undirrituðu [Skeljungur](#) og [Meet in Reykjavík](#) formlega Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar. Þá var afhent Loftslagsviðurkenning fyrir árið 2019 og var það **EFLA** sem stóð uppi sem sigurvegari.



Loftslagsyfirlýsing Festu og Akureyrjarbæjar

Mánudaginn 16.september, á Degi íslenskrar náttúru, undirritaði Akureyrarbær **Loftslagsyfirlýsingu Festu og Akureyrarbæjar** og bauð fyrirtækjum og stofnunum í bænum að gera slíkt hið sama.

Undirritunin fór fram á sólríkum degi í Lystigarðinum og voru það 20 fyrirtæki og stofnandir sem undirrituðu yfirlýsinguna þann dag.





HEIMSMARKMIÐIN

2019



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna lita allt starf Festu og tengja saman gildi og starfssemi félagsins.

Festa er í formlegu samstarfi við Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin sem stýrt er af forsætisráðuneytinu. Í því felst samstarf um fræðsludagskrá og hvatningu til íslenskra fyrirtækja að vinna að framgangi heimsmarkmiðanna.

Á árinu hefur félagið þá tekið þátt í ýmsum viðburðum með samstarfsaðilum sem snúa beint að framgangi heimsmarkmiðanna, þar má t.d. nefna ungmenna ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um heimsmarkmið 12, hádegisfund með National Geographic um heimsmarkmið 15 og átak Viðskiptaráðs um heimsmarkmið 10.

Festa leggur sig fram við að tengja alla viðburði og verkefni markvisst og sýnilega við heimsmarkmiðin.



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Kynningarátak í mars - #HMKyndilberi - #HMNegla



Í mars mánuði stóð Festa fyrir kynningarátaki um heimsmarkmiðin, nálgun fyrirtækja og þá staðreynd að ríkisstjórn Íslands hefur tengt þau inn í stefnur sínar og áætlanir til ársins 2030.

Það er miðlægt í störfum Festu að varpa ljósi á það hvernig atvinnulífið tileinkar sér heimsmarkmiðin og efla getu aðildarfélaga til að innleiða þau í stefnur sínar og störf.

Alls voru framleidd [þrettán myndbönd](#) og birt á Facebook síðu Festu. Þau tilgreina hvaða markmið ellefu fyrirtæki úr ólíkum geirum leggja áherslu á í störfum sínum, hvernig þau fylgja þeim eftir og segja frá áhugaverðum dæmum úr vegferð þeirra. Eitt myndbandið varpar ljósi á stefnu stjórnvalda í þessum efnum og þrettánda myndbandið í röðinni varpaði ljósi á það alþjóðlega afrek sem heimsmarkmiðin eru.

Þá skrifaði framkvæmdastjóri Festu grein í fjölmiðla um átakið - [Kyndilberar heimsmarkmiða Sp.](#)



Festa þakkar þeim aðildarfélögum Festu - fyrirtækjum úr ólíkum geirum...

a year ago · 2.8K Views



15



Bláa Lónið er aðili að Festu og stuðlar að því að gera heimsmarkmið SP nr ...

a year ago · 474 Views



5



Heimsmarkmið 9 - Nýsköpun og uppbygging trónir efst hjá ...

a year ago · 421 Views



8



Næsti kyndilberi Heimsmarkmiða SP hjá Festu er Arion banki - sem hvetu...



Megum við kynna - Háskólinn í R... pnnar kyndilberi ...



Næsti kyndilberi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er Chat (115)

Aðildarfélög Festu sem tóku þátt í átakinu voru:

- Marel**
- Efla**
- Bláa Lónið**
- Arion Banki**
- Mjólkursamsalan**
- Háskólinn í Reykjavík**
- Ikea**
- Isal**
- Isavia**
- Mannvit**
- Reitir**

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna #12



Eitt af stærri verkefnum ársins í samstarfi við verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin var norræna ráðstefnan **Youth Leading a Sustainable Lifestyle** sem fram fór þann 10.apríl í Hörpu.

Ráðstefnan var haldin í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og skipulögð af þremur ráðuneytum í samvinnu við Festu. Um það bil 140 gestir tóku þátt, en meira en helmingur ráðstefnugesta var ungt fólk og voru þar fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum.

Tilgangur ráðstefnunnar var að tengja ungt fólk við fyrirtæki, frumkvöðla og ráðherra Norðurlandanna og ræða heimsmarkmið 12: Sjálfbær neysla og framleiðsla.

Unga fólkið óskaði sérstaklega eftir þátttöku fulltrúa valinna aðildarfélaga Festu sem þeim þótt áhugavert að heimsækja í vettvangsferð um morguninn eða ræða við á vinnustofum á ráðstefnunni sjálfri seinna um daginn. Fulltrúar sautján aðildarfélaga Festu sátu ráðstefnuna, tóku þátt í samræðum á borðum, í panelumræðum eða áttu samtali við fjölmiðla.

„Ég hafði bæði gagn og gaman af ráðstefnunni og er svo ánægð með hvað þessi umræða er einhvern veginn alls staðar núna. Það þarf svo að virkja hana til góðra verka.“

Guðný Camilla Aradóttir, yfirmaður samfélagsábyrgðar og samskiptadeildar IKEA.

„Fyrir mig var mikilvægast að ná fram persónulegu spjalli á borðunum við fólk sem brennur fyrir þessum málum. Við erum fyrirtæki og iðnaður sem er oftast ekki í vörn þegar kemur að loftlags- og umhverfismálum en staðreyndir er sú að við höfum góða sögu að segja. Tækifæri til að segja hana koma nefnilega ekki oft og þetta var eitt þeirra.“

Bjarni Már Gylfason, upplýsingafulltrúi ISAL



Hvatningarverðlaun 2019



Hvatningarverðlaun 2019

Hvatningarverðlaun jafnréttismála

Verðlaunin hlaut **Landsvirkjun**.

Dómnefnd: Andrea Róberts, Arnar Gíslason, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Magnús Schram og formaður var Andrea Gunnarsdóttir.

Samfélagsskýrsla ársins

Verðlaunin hlaut **Isavia**.

Dómnefnd: Katrín Olga Jóhannsdóttir, Kjartan Sigurðsson og Jóhanna Harpa Árnadóttir sem var formaður dómnefndar.

Framúrskarandi samfélagsábyrgð

Verðlaunin hlaut **Marel**.

Dómnefnd: Henry Alexander Henrysson, Sæmundur Sæmundsson og Fanney Karlsdóttir sem var formaður dómnefndar.

Hvatningarverðlaun Ábyrgrar ferðapjónustu

Verðlaunin hlaut **Hey Iceland!**

Dómnefnd: Berglind Sigmarsdóttir, Magnús Haukur Ásgeirsson og Sandra Rán Ásgrímsdóttir.

Á árinu kom Festa að fimm ólíkum verðlaunum og viðurkenningum sem öll eru veitt sem hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Festa þakkar sérstaklega öllum þeim aðilum sem hafa tekið að sér að sinna dómnefndarstörfum af fagmennsku og áhuga.

Loftslagsviðurkenning Festu og Reykjavíkurborgar

Verðlaunin hlaut **EFLA**.

Dómnefnd: Erna Eiríksdóttir, Lára Jóhannsdóttir og Líf Magneudóttir sem var formaður dómnefndar. Starfsmaður dómnefndar var Hrönn Hrafnadóttir

Útgáfa


Festa leggur áherslu á að samræma tungumálið í kringum túlkun og upplýsingagjöf við mat á árangri í samfélagsábyrgð. Á árinu kom Festa að íslenskri þýðingu og útgáfu GRI efnisvísanna og UFS fyrirsagna og leiðbeininga í samvinnu við aðildarfélög og samstarfsaðila.



Festa og Staðlaráð Íslands, í samvinnu við ÁTVR, Landsvirkjun og Isavia með aðkomu Circular Solutions og Ábyrgra Lausna, stóðu að þýðingu á [efnisvísunum GRI](#).

GRI eru alþjóðlega viðurkenndir staðlar um miðlun upplýsinga um samfélagsábyrgð og eru notaðir í yfir 100 löndum. 80% af 250 stærstu fyrirtækjum heims nota GRI.

GRI staðlar eru almennt taldir víðtækustu og nákvæmustu staðlarnir til að halda utan um félags-, efnahags-, umhverfisleg áhrif fyrir tækja og stofnana.



Staðlaráð að frumkvæði Festu, IcelandSIF og Nasdaq Iceland - kauphallarinnar, þýddi á árinu fyrirsagnir ESG leiðbeininga Nasdaq (*ESG Metrics*) yfir á íslensku. Circular Solutions og Ábyrgar Lausnir veittu sérfræðiaðstoð við þýðinguna. [Nálgast má íslenska þýðingu á fyrir sögnum í ESG/UFS leiðbeiningunum hér.](#)

ESG stendur fyrir *environmental, social, governance*, sem á íslensku útleggst umhverfi, félagslegir þætti og góðir stjórnarhættir, eða UFS.

Á árinu 2019 var hafin vinna við þýðingu á UFS leiðbeiningunum í heild sinni, en hún kom út í upphafi árs 2020 og er samstarfsverkefni Festu, Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq, IcelandSIF og Staðlaráðs Íslands



Verkefnið snýst um að fá fyrirtæki í virðiskeðju ferðaþjónustunnar á Íslandi til að sammælast um skýr og einföld markmið um ábyrga og sjálfbæra ferðaþjónustu.

Hvatningarverkefnið Ábyrg ferðaþjónusta var sett á laggirnar af Festu og Íslenska ferðaklasanum í samstarfi við fyrirtæki ferðaþjónustunnar árið 2017.

Í september var birt [skýrsla með niðurstöðum könnunar](#) meðal þátttakenda í Ábyrgri ferðaþjónustu. Höfundar eru þau Ketill B. Magnússon fyrrverandi framkvæmdastjóri Festu og Ásta Sigurjónsdóttir og Árni Magnússon frá Íslenska ferðaklasanum.

Í haust steig Festa til hliðar sem einn af framkvæmdaraðilum verkefnisins og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) stigu þar inn. Festa er afar stolt af aðkomu sinni að verkefninu og mun áfram styðja við það og það frábæra samstarfsfólk sem það leiðir.

Festa tók þátt í skipulagi og framkvæmd á fundinum Loftum út um loftslagsmálin á Grand hóteli í haust þar sem fyrrnefnd skýrsla var birt, auk þess að taka þátt í Degi Ábyrgrar ferðaþjónustu og eiga fulltrúa í dómnefnd um hvatningarverðlaun Ábyrgrar ferðaþjónustu í desember.

Innra starf Festu



Stjórn Festu

Alls fundaði stjórn Festu 11 sinnum frá aðalfundi í apríl 2019 til aðalfundar í apríl 2020.

Að auki fór stjórn í tveggja daga vinnuferð út á land vorið 2019, þar sem unnið var að stefnumótun félagsins. Einn fundur var haldin án framkvæmdastjóra í nóvember.

Aðalfundur 2019 var haldinn í apríl og auka aðalfundur í september. Á báðum fundum voru gerðar breytingar samþykktum félagsins og á auka aðalfundi voru samþykktar gjaldskrárbreytingar.

Samkvæmt nýjum samþykktum eru stjórnarmenn nú átta talsins og engir varamenn.

Frá aðalfundi 2018 til 2019 sátu í stjórn: Hrönn Ingólfssdóttir formaður, Þorsteinn Kári Jónsson varaformaður, Erna Eiríksdóttir, Hrefna Sigríður Briem, Jóhanna Harpa Árnadóttir, Sæmundur Sæmundsson, Berglind Sigmarsdóttir varamaður, Randver Fleckenstein varamaður.



Stjórn Festu 2019 – 2020

Hrönn Ingólfssdóttir, formaður
Sæmundur Sæmundsson, varaformaður
Berglind Sigmarsdóttir
Erna Eiríksdóttir

Gestur Pétursson
Hrefna Sigríður Briem
Jóhanna Harpa Árnadóttir (vantar á mynd)
Tómas Njáll Möller

Formaður Festu

Hrönn Ingólfssdóttir lætur nú af störfum sem formaður Festu en hún hefur sinnt því hlutverki síðustu tvö ár. Formaður er kosinn til árs í senn og hlaut Hrönn endurkjör árið 2019.

Áður en Hrönn tók við sem formaður sat hún í stjórn sem meðstjórnandi í eitt ár.

Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri og stjórn Festu þakkar Hrönn kærlega fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf og skörunglega formennsku.

Margt hefur borið á daga Festu í hennar formennskutíð og hefur félagið vaxið og dafnað undir hennar stjórn.

Festa óskar Hrönn alls hins besta í næstu verkefnum og hlakkar til áframhaldandi samstarfs þótt með ólíku sniði verði.



Starfsfólk og aðsetur

Festa hefur aðsetur í Háskólanum í Reykjavík. Þar hefur Festa verið til húsa um árabíl og kunnum við skólanum okkar allra bestu þakkir fyrir að hýsa skrifstofur Festu endurgjaldslaust.




Erla Tryggvadóttir var ráðin til Festu haustið 2018 sem verkefnastjóri, en tók við sem starfandi framkvæmdarstjóri fljótlega eftir að hún hóf störf og gengdi því hlutverki þar til Hrund kom til starfa 1.febrúar. Hún tók þá að sér sérverkefni fyrir Festu sem sneri að innviðum og ásýnd félagsins fram til vors, þegar hún lét af störfum. Festa kann Erlu bestu þakkir fyrir frábært starf en hún leiddi félagið af miklum dugnaði í gegnum miklar breytingar.

Í upphafi árs 2019 tók Hrund Gunnsteinsdóttir til starfa sem framkvæmdarstjóri og með haustinu var Harpa Júlíusdóttir ráðinn inn sem verkefnastjóri í 50% stöðu.



Fjöldi þeirra sem líkar við facebook síðu Festu



203

Mánaðarlega sendir Festa frá sér fréttabréf þar sem um 1000 aðilar eru á póstlista.



311

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að bjóða upp á gestapenna í Fréttabréfinu. Þeir koma úr ólíkum geirum og varpa ljósi á áhugaverða þróun, tækifæri eða áskorun í heimi samfélagsábyrgðar og sjálfbærni.



115

Festu miðlar

Festa nýtir ólíka miðla til að miðla þekkingu um sjálfbærni, kynna störf sín, auglýsa viðburði Festu og samstarfsaðila.

Festa er áskrifandi að fjölmiðlavaktinni og tekur hlutverki sínu alvarlega þegar kemur að því að kynna störf aðildarfélaganna til almennings og þróun málaflokksins á Íslandi og erlendis.

Samfélagsmiðlar, heimasíða Festu og markpóstar til aðildarfélaganna eru þungamiðjan í miðlun upplýsinga.

Á árinu var sett upp sér viðburðasíða á heimasíðu Festu. Þá hafa allir viðburðir félagsins verið settir upp á facebook.



Breytingar á samþykktum félagsins

Á aðalfundi í apríl 2019, gerði stjórn tillögur að breytingum sem varða flest ákvæði samþykktanna. Í mörgum tilvikum fólust þær í endurröðun greina frekar en efnisbreytingum. Helstu breytingar vörðuðu, heiti, tilgang, greiðslufyrirkomulag félagsgjalds, úrsögn og brottvikningu, aðalfund, kjörgengi og kosningu til stjórnar. Nafni félagsins var breytt úr því að vera Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, í að vera Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð, til að endurspeglar þá staðreynd að sífellt fleiri opinberar stofnanir og sveitafélög eru aðilar að Festu og undirstrika áherslur Festu á að brúa aukið samtal og samstarf milli einka- og opinbera geirans.

Stjórn lagði til að varamenn stjórnar, sem voru 2, yrðu fullgildir stjórnarmenn. Stjórn yrði þá skipuð 8 stjórnarmönnum, n.t.t. 7 aðalmönnum ásamt fulltrúa frá Háskólanum í Reykjavík, sem á fast sæti í stjórn á meðan HR veitir félaginu aðstöðu endurgjaldslaust.

Á aukaaðalfundi í september 2019, voru samþykktar breytingar á gjaldskrá Festu, sem hafði nánast haldist óbreytt frá stofnun félagsins 2011. Frá júní 2011 til júní 2019 hafði launavísitala hins vegar hækkað um rúm 75% og verðlagsbreyting orðið um tæp 24%. Stærsti útgjaldaliður Festu er launakostnaður auk aðkeyptrar þjónustu. Á sama tíma hefur starfsemi Festu aukist mikið, hún er orðin mun víðtækari en í upphafi, sem kallar á fleiri stöðugildi. Stöðugildi hjá samtökunum voru eitt og hálf í lok árs 2019. Með samþykkt tillagna og að því gefnu að innheimta aðildargjalda í upphafi árs 2020 yrði árangursrík, var stefnt að því að ráða verkefnastjóra í fullt starf. Samþykktin á breyttu félagsgjaldi felur í sér að gjaldið taki í framtíðinni mið af þróun verðlags og launavísitölu.

Breytingarnar fólust í að tveimur gjaldflokkum var bætt við gjaldskrá og gjaldið hækkaði um 20%.

Samstarfsaðilar



Festa og Viðskiptaráð Íslands hafa á árinu staðið saman að námskeiðum/viðburðum ásamt því að vinna ásamt fleirum saman að útgáfu UFS leiðbeininga. Þá standa VÍ, Festa og Stjórnvísí saman að hvatningarverðlaununum Samfélagsskýrsla ársins.



Íslenski ferðaklasinn hefur verið ómetanlegur samstarfsaðili Festu og hefur samstarfið við hvatningarverkefnið Ábyrg ferðapjónusta verið þungamiðjan í því samstarfi frá árinu 2017.



Festa á í góðu samstarfi við Stjórnvísí og standa félögin ásamt VÍ að hvatningarverðlaununum Samfélagsskýrsla ársins

Festa hefur verið þeirrar lukku aðnjótandi að starfa með fjölda öflugra samstarfsaðila.

Starfsmenn og stjórn eru einstaklega þakklát fyrir alla okkar samstarfsaðila og hlakka til áframhaldandi samstarfs



Festa og IcelandSIF unnu á árinu að þýðingu og útgáfu á UFS leiðbeiningum



Festa og Staðlaráð Íslands unnu á árinu að þýðingu og útgáfu bæði GRI efnisvísa, UFS fyrirsgna og leiðbeininga

Samstarfsaðilar frh.



Síðustu tvö ár hefur Festu og CreditInfo staðið að hvatningarverðlaununum Framúrskarandi samfélagsábyrgð.



Samtök Atvinnulífsins, Festa ásamt fleirum eiga samstarf um Hvatningarverðlaun jafnréttismála. Þá hafa félögin átti í samvinnu með aðra viðburði, eins og morgunfundi um heimsmarkmiðin og UNGC.



Loftslagsverkefni SI og Festu snýr að því að hvetja framleiðslufyrirtæki SI til að setja sér mælanlega markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL).



UN Women landsnefnd á Íslandi og Festa ásamt fleirum eiga samstarf um Hvatningarverðlaun jafnréttismála.



Loftslagsyfirlýsing Reykjavíkurborgar ásamt árlegum Loftslagsdegi eru samstarfsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar



Akureyrarbær og Festa hófu samstarf um Loftslagsyfirlýsingu á árinu þar sem sveitarfélagið og 20 fyrirtæki/stofnanir skrifuðu undir skuldbindingu um að draga saman losun.

Samstarfsaðilar frh.



Festa á sæti í Loftslagsráði stjórnvalda og tekur virkan þátt í starfi og stefnumótun ráðsins.



Grænvangur, samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvald um loftslagsmál tók til starfa á árinu og er Festa einn af þeim aðilum sem standa að honum og eiga með honum samtarf um verkefni og viðburði.

17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmið Sp og Festa hafa gert með sér formlegt samkomulag um samstarf við innleiðingu heimsmarkmiðanna.

Erlent samstarf



Festa er aðili að CSR Europe ásamt 40 álíka félagasamtökum starfræktum í jafnmörgum Evrópuríkjum. Þar tekur félagið þátt í samtali og viðburðum um samfélagabyrgð.



Festa er hefur verið þátttakandi í samfélagssáttmála Sameinuðu þjóðanna, UNGC frá árinu 2012. Viðmið sáttmálans eru hluti af grunnhugsjónum Festu og vinnur félagið þétt með þeim hópi sem mynda net UNGC hér á landi.

Þjónustukönnun meðal aðildarfélaga


94% voru ánægð með störf Festu

71% birta samfélagsskýrslu

75% vinna að innleiðingu heimsmarkmiða Sp

80% lýstu ánægju með námskeið á vegum Festu

„Festa er ómetanlegur vettvangur fyrir fyrirtæki sem vilja sinna þessum málum vel. Þegar reynslumikil fyrirtæki og þau sem eru að byrja á sinni vegferð koma saman gerist eitthvað frábært og þess vegna langar mig helst að nefna að stundum finnst mér líða helst til langt á milli hittinga :) Það er oft þar sem hugmyndirnar fæðast.“



„Ótrúlega skemmtilegt orku boozt á árinu hjá ykkur :) skemmtileg heimasíða og mikið að gerast. vel gert!“

Aðildarfélög Festu 2019

*í lok árs

Advania Ísland ehf.
Akureyrarbær
Alcoa Fjarðaál
Alma (áður Almenna leigufélagið ehf.)
Alta ehf
Andrými ráðgjöf
Arctic Adventures hf
Arion banki
Ábyrgar lausnir ehf.
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Bakkinn Vöruhótel
Bláa lónið
Blái herinn
Borgun hf.
BravoEarth ehf.
Brim
Búseti
Capacent ehf
CCP hf.
Circular Solutions ehf.
Coca-Cola European Partners Ísland hf

Cognitio
CreditInfo Lánstraust
Dagar
Deloitte ehf.
EFLA verkfræðistofa
Eimskipafélag Íslands
Elkem
ELKO
Endor ehf
Eta Carina ehf
Expectus
Farfuglar ses
Festi
Félagsbústaðir ehf.
Fossa Enterprises ehf
Framsýnt fólk (Lín Design)
Garri
Hagar hf.
Hannesarholt ses
Happdrætti Háskóla Íslands
Háskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík

HS Orka
Icelandair Group
Icelandair hótel
Isavia
Íslandsbanki
Íslandsshótel
Íslandsspil
Íslandsstofa
Íslensk getsþá
Johann Olafsson & Co
Klappir grænar lausnir hf.
Kosmos & Kaos ehf
Kópavogsbær
KPMG
Krónan
Kvika banki hf.
Landsbankinn
Landsnet
Landsvirkjun
Lífeyrissj. verslunarmanna
Mannvit
Marel hf.

Aðildarfélög Festu 2019

*í lok árs

Miklartorg/IKEA

Míla

Mjólkursamsalan

Múlalundur Vinnustofa SÍBS

N1 ehf

NASDAQ OMX Iceland

Neyðarlínan ohf.

Norðurál

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Olíuverzlun Íslands hf

ON - Orka náttúrunnar

Orkusalan

Orkuveita Reykjavíkur

Podium ehf.

Pure North Recycling

RARIK ohf.

Ráðstefnuborgin Reykjavík

RB - Reiknistofa bankanna

Reginn hf

Reitir fasteignafélag hf.

Resource International ehf.

Reykjagarður hf.

Reykjavíkurborg

Rio Tinto Alcan á Íslandi

Samgöngustofa

Samskip

Samtök iðnaðarins

Síminn

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skeljungur hf.

Skinnfiskur ehf.

SORPA bs

Sólar ehf

Sveitafélagið Hornafjörður

Sýn hf.

Sölufélag garðyrkjumanna ehf.

Terra umhverfisþjónusta hf (Gámaþjónustan)

Tryggingamiðstöðin hf.

Valitor hf.

Veitur

Verkís hf.

VIRK

Vista verkfræðistofa

VÍS

VR

VSÓ Ráðgjöf

Vörður tryggingafélag

Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Össur hf.

Ársreikningur 2019



Mynd: Jón Gauti Jónsson

Rekstrarreikningur 2019

Á árinu var ráðist í gerð nýrrar heimasíðu og hönnun á heildarásýnd kynningarefnis félagsins.

Verkefnið var fjármagnað af varasjóðum félagsins og var í takti við hógværar áætlanir. Kostnaður vegna verkefnisins útskýrir að mestum hluta mismun tekna og útgjalda ársins.

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		22.835.500	22.401.957
Viðburðartekjur		4.438.081	2.710.900
Vaxtatekjur		559.507	309.985
		<u>27.833.088</u>	<u>25.422.842</u>
Rekstrargjöld:			
Viðburðarkostnaður		4.053.636	4.611.144
Heimasíða		5.965.020	0
Laun og tengd gjöld		20.440.722	15.615.896
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		3.577.409	4.066.480
Annar rekstrarkostnaður		1.191.591	2.135.858
Vaxtagjöld		136.633	86.196
		<u>35.365.011</u>	<u>26.515.574</u>
Tap ársins		<u>(7.531.923)</u>	<u>(1.092.732)</u>

Efnahagsreikningur 2019

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skjr.	2019	2018
Veltufjármunir:			
Skammtimakröfur:			
Kröfur á aðildarfélög og viðskiptavinum	4	491.481	2.235.707
Handbært fé		10.635.761	14.103.500
Veltufjármunir		<u>11.127.242</u>	<u>16.339.207</u>
Eignir samtals		<u>11.127.242</u>	<u>16.339.207</u>

Efnahagsreikningur 2019

31. desember 2019

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		6.607.359	14.139.282
Eigið fé	5	<u>6.607.359</u>	<u>14.139.282</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		1.062.175	1.269.367
Aðrar skammtímaskuldir		3.457.708	930.558
Skammtímaskuldir		<u>4.519.883</u>	<u>2.199.925</u>
Skuldir samtals		<u>4.519.883</u>	<u>2.199.925</u>

Ársskýrsla Festu 2019

Ritstjórn: Harpa Júlíusdóttir og Hrund Gunnsteinsdóttir
Ábyrgð: Hrönn Ingólfssdóttir

Myndir á forsíðu og kaflaforsíðum: Jón Gauti Jónsson

Myndir frá Janúarráðstefnu 2019: Anton Brink

Myndir frá Loftslagsfundi 2019: Sigurjón Ragnar

Myndir frá Youth Leading a Sustainable Lifestyle: Berglaug Garðarsdóttir

Teikning frá Youth Leadins a Sustainable Lifestyle: Rán Flygenring

Myndir frá Hvatningarverðlaunum jafnréttisverðlauna: Kristinn Ingvarsson